

Upplýsingar fyrir skjólstæðing í upphafi meðferðar

Ábyrgð skjólstæðings

Þú ert ábyrg(ur) fyrir að muna eftir að mæta í viðtalstímann þinn. Ritari hjá Heilsuvernd sendir samt áminningu um viðtal með SMS skilaboðum daginn fyrir viðtalið. Eins ert þú ábyrg(ur) fyrir að vera virkur þátttakandi í þeirri meðferð sem þú samþykkir að taka þátt í. Að auki biðjum við þig um að ræða ekki við aðra um hverja þú sérð vera á leið í eða koma úr viðtali hjá sálfræðingunum.

Forföll

Vinsamlegast tilkynntu forföll fyrir kl. 15:30 deginum áður eða þegar sms með áminningu berst, hvort sem er með símtali eða tölvupósti á mottaka@hv.is. Ef þú afboðar ekki þá ertu ábyrg(ur) fyrir greiðslu á viðtalinu. Ef þú hefur fengið samþykki Félagsmálastofnunar eða Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) fyrir greiðslu á viðtölum, þá greiða þessar stofnanir einungis fyrir viðtöl sem er mætt í og þar af leiðandi ert þú ábyrg(ur) fyrir greiðslu á viðtali sem þú afboðar ekki með tilsettum fyrirvara.

Viðtöl og greiðsla

Greiðsla er innt af hendi eftir hvert viðtal og þú færð afhenta kvittun fyrir greiðslunni. Flest stéttarfélag taka þátt í kostnaðinum og gegn kvittun getur þú sótt um endurgreiðslu.

Neyðartilvik

Ef þú eða einhver nákominn þér á lítur líðan þína vera mjög alvarlega, ber þér/ykkur að hafa samband við slysadeild, bráðamóttöku geðdeildar Landspítala eða hringja í neyðarnúmerið 112.

Trúnaður og lög um réttindi sjúklinga

Samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn og réttindi sjúklinga, þá eru heilbrigðisstarfsmenn bundnir trúnaði varðandi þær upplýsingar sem þú veitir þeim. Það þýðir að þeir geta ekki veitt öðrum aðila upplýsingar um þig, nema með skriflegu leyfi þínu. Undantekningar á þessu trúnaðarákvæði eru:

1. Þegar velferð barns, fatlaðs eða aldraðs einstaklings er í húfi, þá ber heilbrigðisstarfsmanni að tilkynna það til yfirvalda.
2. Þegar grunur leikur á að þú eða annar aðili sé líklegur til að valda sjálfum sér eða öðrum skaða, þá ber heilbrigðisstarfsmanni að hafa samband við einhvern tengdan viðkomandi, viðeigandi stofnun eða yfirvöld.

Frekari upplýsingar um lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 er að finna á þessari vefslóð: <http://www.althingi.is>

Kvartanir vegna þjónustu heilbrigðisstarfsmanna berast til Landlæknisembættis. Frekari upplýsingar um ferlið finnast á þessari vefslóð: <http://www.landlaeknir.is>

Vinsamlegast staðfestið með undirskrift að þið hafið lesið yfir ofangreind atriði og fengið tækifæri til að spyrja út í þau ykkur að fullnustu á meðfylgjandi upplýsingablaði.

Nafn skjólstæðings